

1869.

27. septbr.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skilríki með skýrslum embættismanna til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

Eftir tilmælum fjárstjórnarinnar eruð þér, herra (tit.), beðnir að skora framvegis á alla embættismenn, sem þér eruð settir yfir, og ekki óska að komast hjá að sjá ekkjum sínum fyrir framfærslufé á venjulegan hátt, með því að sjá þeim borgið með öðru móti, að láta fylgja með skýrsluforminu um ekkjuforsorgun vitnisburð frá lækni um, að lífi hlutaðeiganda sé engin bráð hættu búin, og, ef þeir ekki þegar eru búnir að sjá konunni fyrir framfærslufé, þá að senda einnig skirnar-seðil beggja hjónanna; en þó er það aðgæzluvert, að vitnisburður læknisins má ekki vera gefinn út meir en hér um bil hálfum mánuði áður en hann var sendur af stað með pósti, nema svo sé háttað, þar sem embættismaðurinn er, að lengra hlýtur að líða um. Þegar þessa hefir verið gætt, og öll skjölín eru í góðri reglu, mun fjárstjórnin tafarlaust hlutast til um, að ekkjunni verði séð fyrir framfærslufénu fyrir tillag æfilangt, sem í fyrsta skipti mun verða borgað fyrirfram úr ríkissjóðnum.

Við sama tækifærið skal dómsmálastjórnin brýna fyrir yður það, sem mælt er fyrir um í bréfi hennar 19. aprílmán. 1864, að sjá um, að dálkarnir í slíkum skýrsluformum um ekkjuforsorgun sé rétt fylltir út og svo, sem vera ber, og að rita síðan á skýrsluformið vottorð yðar um, að þér hafið ekkert útá það að setja, hvernig þeir eru fylltir út.

29. septbr.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kornlán handa Austur-Skaptafells-sýslu.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á síðasta alþingi, hafið sent hingað og látið uppi álitsskjal yðar